

**Nd.**

**137. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Reykhólahreppur og Geiradalshreppur í Barðastrandarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Berufirði og Króksfjarðarnesi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt að ósk hreppsnefndar Geiradalshrepps, sem skift var úr Reykhólahreppi um 1880, en hrepparnir hafa til þessa haft sameiginlega dómþinghá. Bakar þessi tilhögun ibúum Geiradalshrepps óþæginda, og virðist einsætt að verða við óskum þeirra um breyting í þessu efni.